

JÖFNUR FYRIR HEILDARTEKJUR, HEILDARKOSTNAÐ OG AFKOMU FYRIRTÆKJA

$$HT = v * m$$

$$HK = FK + BEK * m$$

$$A = HT - HK = v * m - (FK + BEK * m)$$

Verkefni 1. Notið eftirfarandi upplýsingar um fyrirtæki Ferro ehf.:


Fastur kostnaður (FK): 962.000 kr. á mánuði

Breytilegur einingakostnaður (BEK): 3.800 kr.

Verð (v) á einingu: 7.500 kr.

- Finnið afkomu (A) ef magn (m) er 300 einingar
- Finnið afkomu (A) ef magn (m) er 200 einingar
- Finnið hvaða magn (m) gefur 0 kr. í afkomu (A)
- Finnið hvaða magn (m) gefur 200.000 kr. í afkomu (A)
- Teiknið inn línur fyrir HK og HT í grafið hér fyrir neðan og kannið hvar línurnar skerast. Merkið og kvarðið ásana og passið að allar upplýsingar úr a) – d) komi fram:

Verkefni 2. Skoðið vel grafið hér fyrir neðan sem sýnir HT og HK hjá fyrirtækinu Myrru ehf. Svarið spurningum a) – f) sem eru fyrir neðan grafið.:



- Finnið hvaða magn (m) gefur 0 kr. í afkomu (A)
- Ef magn (m) er 200 einingar, er afkoman (A) jákvæð eða neikvæð?
- Ef magn (m) er 300 einingar, er afkoman (A) jákvæð eða neikvæð?
- Finnið hvaða magn (m) gefur 200.000 kr. í afkomu (A)
- Finnið verð (v) út frá bláu línunni, notið jöfnuna: $HT = v * m$
- Finnið fastan kostnað (FK) og breytilegan einingakostnað (BEK) út frá appelsínugulu línunni, notið jöfnuna: $HK = FK + BEK * m$